

Arctic Sea Farm ehf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

Selfossi, 9. júlí 2024
Tilvísun: 2404680

Efni: Svar við andmælum við skoðunarskýrslur

Texti þann 3. júlí 2024 bárust Matvælastofnun athugasemdir Arctic Sea Farm (hér eftir eftirlitspegi) við skoðunarskýrslur stofnunarinnar nr. 37479 vegna rekstrarleyfis FE-1159, skoðunarskýrslu nr. 37447 vegna rekstrarleyfis FE-1161 og skoðunarskýrslu nr. 37480 vegna rekstrarleyfis FE-1219. Framangreindar skoðunarskýrslur eru allar dagsettar þann 25. júní 2024 og sendar eftirlitspega sama dag. Skýrslurnar voru ritaðar í kjölfar eftirlits sem fram fór á skrifstofu eftirlitspega dagana 22.-24. apríl 2024.

Hér er að finna athugasemd eftirlitspega og afstöðu Matvælastofnunar við framangreindar skoðunarskýrslur. Athugasemdir eftirlitspega eru samhljóma við allar skoðunarskýrslurnar og eiga því við þær allar þrjár.

Eftirlitspegi andmælir fráviki sem kemur fram í skoðunarskýrslum Matvælastofnunar nr. 37480, 37479 og 37447 undir lið 4.1.4. Eftirlit og viðgerðir á netapokum. Þar kemur fram að Matvælastofnun hafi kallað eftir ástands- og viðgerðarskýrslu vegna eftirlits og viðgerða á netpokum. Þær ástands og viðgerðarskýrslur sem bárust Matvælastofnun hafi ekki innihaldið upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 34. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 um viðgerðir sem áttu sér stað neðansjávar á meðan nætur eru í notkun.

Eftirlitspegi vísar til 3. mgr. 34. reglugerðar 540/2020 þar sem fram kemur að bráðabirgðaviðgerðir á legustað sem nauðsynlegar eru til að hindra stök á meðan netapokinn er í notkun falli ekki undir ákvæði 34. gr. reglugerðarinnar. Af þeirri ástæðu meti eftirlitspegi það svo að viðgerðir sem framkvæmdar eru af köfurum flokkist sem bráðaviðgerðir og þar af leiðandi falli þær ekki undir 2. mgr. 34. gr. reglugerðarinnar. Þegar upp hafi komið stærri skemmdir hafi viðurkennt verkstæði verið fengið á svæðið og metið skemmdirnar og annað hvort gert við eða skipt um nót. Þegar gert er við nót þá sé gefið út nýtt skírteini.

Í kjölfar á eftirliti Matvælastofnunar til eftirlitspega var þann 30. maí 2024 sendur tölvupóstur með ýmsum spurningum til eftirlitspega. Ein af þessum spurningum laut af kröfum til þekkingar kafara við viðgerð nóta. Einnig var spurt út í viðgerðarefni á nótum þegar lagfæringar eigi sér stað á eldissvæði og hvort að slíkar viðgerðir standist NS 9415:2009 staðalinn. Í svari eftirlitspega sem barst þann 6. júní 2024 kom fram að: „Í raun hafi ekki verið gerðar neinar kröfur til kafara og hvaða þekkingu í netaviðgerðum þeir eiga að hafa af hálfu Arctic Sea Farm.“ Þá sagði jafnframt í svari eftirlitspega: „Varðandi hvort viðgerðir standist NS:9415 þá getum við því miður ekki sagt til um að þær smá viðgerðir sem kafarar hafi framkvæmt standist staðalinn en ef í þeim tilfellum sem upp hafa komið stærri skemmdir að þá hefur verkstæðið verið kallað til að aðstoða“

Það er mat Matvælastofnunar að undir hugtakið bráðabirgðaviðgerðir á legustað, sem fram kemur í 3. mgr. 34. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020, falli viðgerðir sem vara í skamman tíma til að varna stroki þar til fullnaðarviðgerð á sér stað af viðurkenndu verkstæði. Viðgerðir sem framkvæmdar eru til bráðabirgða geti eðli málsins samkvæmt ekki varað svo mánuðum skiptir án þess að fullnaðarviðgerð framkvæmd af viðurkenndu verkstæði eigi sér stað, en dæmi eru um það samkvæmt kafaraskýrslum frá eftirlitspega að


net hafi verið lagfærð strax eftir útsetningu án þess að búið væri að setja fisk út. Í slíkum tilfellum á nótin eftir að vera í sjó í marga mánuði og því ekki um að ræða viðgerð til bráðabirgða.

Samkvæmt 34. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 skal rekstrarleyfishafi við eftirlit og viðgerðir á netpokum skipta við verkstæði sem faggilt skoðunarstofa hefur vottað að uppfylli kröfur sem gerðar eru í NS 9415:2009 um viðgerðir. Með vísan til fyrrnefndra svara eftirlitsþega telur Matvælastofnun með öllu óljóst hvaða þekkingu á nótaviðgerðum kafarar sem gera við nætur eftirlitsþega á legustað til bráðabirgða hafa og hvort að slíkar bráðabirgðaviðgerðir standist yfir höfuð NS 9415:2009 staðalinn. Þá er að mati stofnunarinnar óljóst hvaða áhrif viðgerðir til bráðabirgða hafi á gæði nótanna, sér í lagi þegar líkur eru á að þær eigi eftir að vera í sjó í nokkra mánuði og allt upp í tvö ár eins og dæmi eru um.

Með vísan til 2. mgr. 34. gr. ber eftirlitsþega að skrá viðgerðir á nótum sem ekki eru gerðar til skamms tíma/bráðabirgða í ástands- og viðgerðarskýrslu. Matvælastofnun óskaði eftir framangreindum skýrslum en engin þeirra skýrslna sem bárust stofnuninni innihélt skráningu á viðgerð sem framkvæmd var neðansjávar á meðan nót var í notkun þrátt fyrir að finna megi fjölmargar skráningar í köfunarskýrslum um viðgerðir, stórum sem smáum, sem áttu sér stað á umbeðnu tímabili og voru gerðar til lengri tíma en bráðabirgða.

Í ljósi þess sem og alls framangreinds tekur Matvælastofnun andmæli Arctic Sea Farm vegna skoðunarskýrsluna nr. 37480, 37479 og 37447 dags. 25. júní 2024 ekki til greina. Bent er á að hægt er að kæra ákvörðunina til Matvælaráðuneytisins og fer um kærana samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Kærufrestur er einn mánuður frá dagsetningu þessa bréfs að telja.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur